

AUGLÝSING

um óverulega breytingu á deiliskipulagi í Fjallabyggð.

Útivistarsvæði í Hóls- og Skarðsdal, golfvöllurinn í Hólsdal.

Bæjarráð Fjallabyggðar f.h. bæjarstjórnar samþykkti þann 15. maí 2018 óverulega breytingu á deiliskipulagi útivistarsvæðis í Hóls- og Skarðsdal á Siglufirði. Breytingin felur í sér færslu byggingarreits fyrir klúbbhús golfvallarins ásamt breyttri staðsetningu og fyrirkomulagi bílastæða. Vesturhluti golfæfingasvæðis hliðrast um u.þ.b. 20 m til norðurs og stígakerfi breytist samhliða ofangreindum breytingum. Einnig færast rotpró norður fyrir nýja staðsetningu klúbbhúss. Málsmeðferð var í samræmi við 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Þar sem breytingin varðaði ekki hagsmuni annarra en sveitarfélagsins og umsækjanda, var fallið frá grenndarkynningu. Breytingin öðlast þegar gildi.

Fjallabyggð, 16. maí 2018.

Íris Stefánsdóttir tæknifulltrúi.

B-deild – Útgáfud.: 31. maí 2018